

Fundargerð 71. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 10. febrúar 2015 kl 9.00 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albina Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Björn Jóhannsson

Dagskrá fundar

1. Staða styrkveitinga
2. Tímaáætlun funda og vettvangsferða
3. Skróður og nýjar tillögur
4. Önnur mál

Farið var yfir stöðu styrkveitinga:

Úthlutun	Úthlutað alls	Greitt alls	Eftirstöðvar	Ónýttar eftirstöðvar	Verkefni alls	Verkefnum lokið	Verkefnum ólokið
FF-1	69.000.000	63.267.613	5.732.387	3.080.021	30	29	1
FF-2	150.745.000	106.895.000	40.050.000	0	44	25	19
FF-3	71.750.000	35.875.000	35.875.000	0	5	1	4
FF-4	278.751.200	192.062.098	86.689.102	1.234.454	75	41	34
FF-6	246.484.625	94.343.144	138.669.381	6.424.765	51	9	42
FF-7	383.898.074	152.748.244	231.149.830	0	88	13	75
Samtals	1.200.628.899	645.191.099	538.165.700	10.739.240	293	118	175

Birni er falið að senda Albínu öll gögn um gönguleiðir á Ísafirði úthlutun 13-013

Eftirfylgni verkefna. Stjórnin mun á næstu mánuðum leggja áherslu á eftirfylgni með óloknum verkefnum og stefnir að því að funda mánaðarlega. Birni falið að bóka fundi á þriðjudögum. Uppfært stöðuyfirlit liggja fyrir á öllum fundum. Óskað er eftir því að Björn hafi samband við styrkþega með heimsóknum og símtölum.

Vettvangsferðir stjórnar. Skoðaðir möguleikar á ferð, Stefnt að því að halda fund á Reykjanesi 18. Mars. Birni falið að hringja í Eggert Sólberg og skipuleggja heimsóknina. Óskað er eftir að sveitarstjórnarmenn mæti og tali um framtíðarsýn í uppbyggingu ferðamannastaða. Björn tekur saman yfirlit yfir alla styrki á þessu svæði Reykjanes jarðvangur, Sandgerði, Garður, Grindavík.

Erindi frá framkvæmdasjóði Skróðs. Birni falið að send stjórn bréf frá 26. des 2013 sem vísað er í, í erindi frá stjórn framkvæmdasjóðs Skróðs.

Björn falið að senda stjórn upplýsingar um D.O.C á Nýja Sjálandi.

Næsti fundur boðaður 10. mars 2015

Fundi slitið kl. 10:30

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

Albina Thordarson
Sævar Skaptason
Anna G. Sverrisdóttir
Guðjón Bragason

